

Nd.

54. Frumvarp til laga

[49. mál]

um breyting á lögum nr. 115 30. desember 1978, sbr. lög nr. 70 31. desember 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. desember 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 115/1978 orðist svo:

1. Á árinu 1980 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1980, þó að frádegnum:
 - a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
 - b. námsfrádrætti skv. 3. tl. c-liðs 30. gr. laga nr. 40 18. maí 1978;
 - c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 66. gr. laga nr. 40 18. maí 1978;
 - d. í viðbót við þær fjárhæðir ellí- og örorkulifeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim gjaldendum, sem nutu ellí- og örorkulifeyris á árinu 1979, 650 000 kr.
3. Skal gjaldið vera 1,5% af fyrstu 4 500 000 af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
Sjúkratryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna. Gjald, sem ekki nær 4 000, skal fellt niður við innheimtu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1980 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 115/1978 á árinu 1979. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 115/1978, að öðru leyti en því, sem leiðir af gildistöku nýrra laga um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 40/1978. Þá er gert ráð fyrir að skattþreprið hækki í samræmi við tekjubreytingar þær, sem orðið hafa á milli áranna. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1979 nemur 5 250 m.kr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 4 700 m.kr. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 7 600 m.kr. á árinu 1980 og að af þessari fjárhæð innheimtist 6 950 m.kr.